

Byggingar

Leiðbeiningar fyrir fagaðila á byggingarmarkaði



Hverjir þurfa að hafa skráð gæðastjórnunarkerfi?

Fagaðilar í mannvirkjagerð (hönnuðir og hönnunarstjórar, byggingastjórar, iðnmeistarar) sem ætla að taka að sér byggingarleyfisskyld verk skulu hafa samþykkt gæðastjórnunarkerfi þannig að tryggt sé að starfsemi þeirra sé samkvæmt opinberum kröfum, lögum og reglugerðum. Einnig þurfa allir byggingarfulltrúar á landinu að hafa gæðastjórnunarkerfi sem samþykkt er af HMS.

Ef fagaðili er ekki með samþykkt gæðastjórnunarkerfi?

Eitt af skilyrðum þess að fá útgefið starfsleyfi sem byggingarstjóri er að hafa gæðastjórnunarkerfi samþykkt og skráð hjá HMS. Byggingarstjórar og iðnmeistarar geta ekki verið skráðir fyrir verkum hjá byggingarfulltrúa nema að hafa skráð og samþykkt gæðastjórnunarkerfi hjá HMS.

Skilyrði fyrir því að hönnuðir og hönnunarstjórar geti lagt inn uppdrætti og hönnunargögn til samþykktar hjá byggingarfulltrúa er að þeir hafi samþykkt gæðastjórnunarkerfi skráð í gagnasafn HMS.

Getur fagaðili starfað undir gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis?

Samkvæmt kröfum byggingarreglugerðar eru starfsleyfi og réttindi gefin út á einstaklinga en ekki fyrirtæki. Fyrirtæki með skráð og samþykkt gæðastjórnunarkerfi hjá HMS getur fengið leyfi til að skrá fagaðila á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins en það er háð því að hægt sé að taka út kerfið varðandi virkni viðkomandi fagaðila og rekjanleika gagna er að honum snýr.

Hverjar eru kröfur til gæðastjórnunarkerfa?

Kröfur til gæðastjórnunarkerfa í mannvirkjagerð eru hvorki íþyngjandi né miklar. Kerfin þurfa ekki að vera flókin í uppbyggingu og krefjast fyrst og fremst utanumhalds um gögn svo sem;

- staðfestingar um hæfni og endurmenntun
- samskipti við tengda aðila
- skrá yfir úttektir
- verkskráningu
- lýsingar á úttektum
- innra eftirlit

Ofangreint eru hinar opinberu kröfur laga um mannvirki og byggingarreglugerðar. Stærri verktakar, hönnuðir og verkfræðistofur hafa innleitt og tekið í notkun viðameiri gæðastjórnunarkerfi sem mörg hver eru ISO 9001 vottuð af faggiltri vottunarstofu.

Hvernig er uppbygging gæðastjórnunarkerfisins?

Kröfur til gæðastjórnunarkerfisins eru tilgreindar í leiðbeiningum frá HMS um uppbyggingu og gerð gæðastjórnunarkerfa. Hægt að nálgast leiðbeiningar á vef HMS. Kerfið getur verið á pappíriformi en í flestum tilfellum hentar betur að vera með rafrænt kerfi m.a. vegna þess að rafrænt eftirlit er að færast í aukana.

Er hægt að óska eftir fjarúttekt?

Já, því ekki er þörf á að skoðunarstofa skoði virkni gæðastjórnunarkerfa á starfstöð viðkomandi fagaðila heldur er hægt að nota fjarfundabúnað sem hentar við fjarúttektir. Nánari upplýsingar veitir viðkomandi skoðunarstofa.

Hvernig fer skjala- og virkniskoðun fram?

Þegar fagaðili telur að gæðastjórnunarkerfi fullnægi kröfum, þá er sótt um skráningu kerfisins á „Mínum síðum“ á vef HMS. Umsóknaraðili hefur samband við faggilta skoðunarstofu og/eða vottunarstofu sem hefur heimild til að framkvæma skoðanir á gæðastjórnunarkerfum. Þá fer fram skjalaskoðun sem miðast við að kerfið sé nýtt og ekki komið í fulla virkni.

Samkvæmt verklagsreglu HMS nr. 9.007 er úttektarþola skoðunarinnar skylt að skila til HMS skoðunarskýrslu um virkni gæðastjórnunarkerfisins innan 6-12 mánaða frá skráningu þess. Standist kerfið virkniskoðunina fer fram fullnaðarskráning þess og viðkomandi aðili telst þá vera með fullgilt gæðastjórnunarkerfi sbr. kröfur HMS og laga um mannvirki.

Samkvæmt lögum ber fagaðilum að láta skoða virkni gæðastjórnunarkerfisins á 5 ára fresti.

Hvernig eru niðurstöður settar fram í skoðunarskýrslu?

Í skoðunarskýrslu frá viðkomandi skoðunarstofu geta komið fram athugasemdir í þremur flokkum.

Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar þurfa að kunna skil á hvaða vægi hinar ýmsu athugasemdir, sem gerðar eru við úttektir á gæðastjórnunarkerfum þeirra, hafa og hvernig þær eru flokkaðar.

Flokkun athugasemda er sem hér segir:

1. flokkur:

Ábending/athugasemd um galla ef gæðastjórnunarkerfi er áfátt en þó ekki á því stigi að þær falli undir 2. og 3. flokk.

2. flokkur:

Gæðastjórnunarkerfi er ekki samkvæmt settum reglum en ágallar þó ekki verulegir.

3. flokkur:

Verulegir ágallar eru á gæðastjórnunarkerfi. Ekki er hægt að staðfesta gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis sem fengið hefur athugasemdir í 3. flokki nema að undangenginni endurskoðun með staðfestingum á úrbótum.

Frestur til lagfæringa er sem hér segir:

1. flokkur:

Fagaðilar með gæðastjórnunarkerfi sem gerðar eru fjórar eða færri athugasemdir við í flokki 1 þurfa að senda staðfestingu um úrbætur til HMS.

Gera þarf grein fyrir lagfæringum á athugasemdum sem gerðar voru af skoðunarstofu eða vottunarstofu með því að fylla út úrbótaskýrslu fagaðila 9.060 og senda til HMS.

Fagaðilar með gæðastjórnunarkerfi sem gerðar eru fimm eða fleiri athugasemdir við í flokki 1 þurfa að láta endurskoða gæðastjórnunarkerfið hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Gefinn er eins mánaða frestur til lagfæringa athugasemda í 1. flokki.

2. flokkur:

Fagaðilar með gæðastjórnunarkerfi sem gerðar eru tvær eða færri athugasemdir við í flokki 2 þurfa að senda staðfestingu um úrbætur til HMS.

Gera þarf grein fyrir lagfæringum á athugasemdum sem gerðar voru af skoðunarstofu eða vottunarstofu með því að fylla út úrbótaskýrslu fagaðila 9.060 og senda til HMS.

Fagaðilar með gæðastjórnunarkerfi sem gerðar eru þrjár eða fleiri athugasemdir við í flokki 2 þurfa að láta endurskoða gæðastjórnunarkerfið hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Gefinn er eins mánaða frestur til lagfæringa athugasemda í 2. flokki.

3. flokkur:

Endurskoðunar er krafist vegna athugasemda í 3. flokki og ekki er gefinn lengri frestur en einn mánuður til lagfæringa á athugasemdum. Ekki er hægt að staðfesta gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis sem fengið hefur athugasemdir í 3. flokki nema að undangenginni endurskoðun með staðfestingum á úrbótum hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Ekki er hægt að staðfesta gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis í gagnasafn HMS fyrr en athugasemdirnar hafa verið lagfærðar.

